

Fréttapistill frá forseta Íslands

8. febrúar 2021

Í nýliðinni viku birtust upplýsingar um snaraukið ofbeldi gegn börnum í fyrra. Stuðst er við tilkynningar til barnaverndarnefnda og sýna þær jafnframt að enn fleiri börn og ungmenni þurfa að þola hvers kyns vanrækslu en áður. Augljóst er að farsóttin og aðgerðir til að stemma stigu við henni hafa að hluta valdið þessari óheillaþróun. Að sjálfsögðu liggur í augum uppi að enginn getur afsakað eigið ofbeldi með því að við sem samfélag þurftum að grípa til róttækra ráðstafana andspænis skæðum vágesti.

Við megum fagna því hversu vel hefur gengið að halda smitum í lágmarki, hversu vel okkur hefur tekist að eiga við veirufjandann, á heildina litið og í samanburði við önnur lönd. En þegar saga þessarar baráttu við farsóttina verður sögð má ekki gleyma þeim afleiðingum sem fylgdu nauðsynlegum viðbrögðum. Og við verðum ætíð að gera það sem í okkar valdi stendur til að tryggja að börn búi við öryggi frekar en ofbeldi. Gripið hefur verið til fjölpættra aðgerða til að styðja börn og barnafjölskyldur. Því þarf greinilega að halda áfram.

Nú hafa sóttvarnareglur verið rýmkaðar ögn og hvet ég fólk til að kynna sér stöðu mála á vefnum góða, www.covid.is. Sem fyrr varðar mestu að sinna eigin sóttvörnum, þvo hendur vel og vandlega, bera grímur þar sem við á og virða fjarlægðarmörk eftir bestu getu.

Fyrir helgi héldum við Eliza til Seyðisfjarðar, með viðkomu á Egilsstöðum. Þannig vildum við fræðast nánar um skriðuföllin miklu fyrir jól, viðbrögð á vettvangi og afleiðingar þessara hamfara. Enn fremur vildum við sýna Seyðfirðingum að Íslendingar bera hlýhug til þeirra. Fyrir skriðurnar, sem ollu svo miklum skemmdum, var Seyðisfjörður fallegur bær með myndarbrag. Seyðisfjörður verður áfram fallegur bær með myndarbrag. Eystra reyndum við að hitta eins marga og hægt var miðað við samkomutakmarkanir. Við fórum í grunnskólann og dvalarheimilið, hittum björgunarsveitarfólk og áttum fund með fulltrúum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og fleirum. Þá fórum við um þann hluta bæjarins sem skriðurnar skulu á og fræddumst um þá nákvæmnisvinnu sem nú fer fram, að finna muni og minjar úr þeim húsum sem eyðilögðust eða skemmdust. Frásagnir fólks staðfesta enn hversu mikil mildi það var að enginn lést í þessum hamförum. Við megum öll taka til eftirbreytni dugnað, æðruleysi og samstöðu Seyðfirðinga. Héraðsbúar og aðrir eiga líka innilegar þakkir skildar fyrir sinn þátt í að koma upp fjöldahjálparstöð á svipstundu og tryggja að íbúar heils byggðarlags gátu allir fengið húsaskjól og nauðsynlega aðhlynningu þegar í nauðir rak.

Nánari fregnir af heimsókn okkar má sjá á heimasíðu forsetaembættisins, forseti.is. Einnig má sjá myndir þar en hér læt ég líka fylgja ljósmynd af skokkurum á Egilsstöðum sem ég fékk að slást í för með á meðan dvöl okkar stóð þar. Ég þakka kærlega þann vinargreiða. Einnig læt ég fylgja hér ljósmynd Vilhelms Gunnarssonar ljósmyndara af Seyðisfjarðarkirkju sem var tekin nokkrum dögum eftir skriðuföllin miklu.

Í síðustu viku fór fram sala á Neyðarkallinum, til stuðnings björgunarsveitum landsins. Við Eliza urðum að sjálfsögðu við þeirri ósk að vekja athygli á því góða átaki með óvenjulegum hætti. Á óformlegri leitaræfingu á Hólmsheiði við Reykjavík lékum við fólk sem hafði týnst á víðavangi og er skemmst frá því að segja að björgunarhundurinn fann okkur að bragði. Ósköp var samt notalegt að liggja um stund í skógarrjóðri og segja við sjálfan sig að nú sé maður í vinnunni að gera gagn. Líf tilheyrir Björgunarhundasveit Íslands sem fagnaði í lok síðasta árs 40 ára afmæli sínu og hefur fyrir löngu sannað gildi sitt við björgunarstörf og leitir hér á landi.

Á fimmtudaginn var flutti ég ávarp á Menntadegi atvinnulífsins og daginn eftir á UT-messunni, ráðstefnu og sýningu fyrir fagfólk í upplýsingatækni sem Ský, Skýrslutæknifélag Íslands, stendur að í samvinnu við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Í venjulegu árferði hefði mér hlotnast sá heiður að vera á viðburðunum, hitta fólk og fræðast um allt það sem kynnt er. Sú var ekki raunin í þetta sinn, stafrænar kveðjur urðu að duga. En ég hlakka til að geta tekið upp fyrri venjur þegar þar að kemur.

Á þriðjudaginn, 2. febrúar, afhenti ég verðlaun á alþjóðlegum degi votlendis. Þennan dag árið 1971 var Ramsar-sáttmálinn svonefndi um vernd mýra og votlendis um víða veröld undirritaður. Af þessu tilefni boðaði Votlendissjóðurinn til viðburðar í Reykjavík þar sem veitt var viðurkenningin Vonin fyrir framlag til endurheimtar votlendis á Íslandi. Söngkonan Bríet Ísis Elfar, Sævar Helgi Bragason fjölmiðlamaður og Tollei Morthens listmálari urðu þessa heiðurs aðnjótandi en þau hafa öll tekið þátt í vitundarvakningu sjóðsins. Þá fengu fyrirtækin 66 gráður norður og Skeljungur viðurkenninguna fyrir stuðning við verkefni Votlendissjóðs. Ég flutti stutt ávarp á viðurkenningarhátíðinni og sýndi þá m.a. myndir af endurheimt votlendis á Bessastöðum. Ekki eru öll tún þar slegin lengur. Með lokun skurða er stefnt að því auka kolefnisbindingu og ekki síður bæta lífríki og kjörlendi fugla á svæðinu. Að þeim hefur verið þrengt á höfuðborgarsvæðinu og sjáum við nú þegar á Bessastöðum að fuglum fjölgar þar sem skurðum fækkar. Hér neðar er mynd frá sumrinu 2018 þegar fulltrúar Knattspyrnusambands Íslands, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, og fleiri lögðu sitt af mörkum á Bessastaðanesi.

Að lokum nefni ég að síðustu daga höfum við Íslendingar fylgst með leitinni í hlíðum fjallsins K2 að John Snorra Sigurjónssyni og félögum, þeim Ali Sadpara frá Pakistan og Juan Pablo Mohr frá Síle. Vonin um góðar fréttir er orðin veik en hún lifir enn og sendi ég ástvinum mannanna hlýjar kveðjur.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.